



SJÁVARÚTVEGS
RÁÐSTEFNAN



Leiðandi
vettvangur í tíu ár

Hörpu

7.–8. nóvember 2019

Styrktaraðilar
Sjávarútvegsráðstefnunnar

www.sjavarutvegsradstefnan.is



HAMPIÐJAN

SAMSKIP


ISI ICELAND
SEAFOOD

Þvífaðhúsið



Veitingar og sýningarrými
Flói á 1. hæð

Sýningarrými
Eyri á 2. hæð



1. Ekko

2. Hampiðjan

3. Tryggingarmiðstöðin og Hvatningarverðlaun

4. Sæplast, iTUB og Temptra

5. Skaginn 3X
6. Mjöll Frigg

7. Íslandsstofa

8. Sjavarlíf.is

9. Skólar

10. Kassagerð Reykjavíkur

11. Samskip
12. Valka

13. Hvíta húsið

14. Marel

15. Verkís

16. Wise

17. Iceland Seafood International
20. Sæplast, iTUB og Temptra

21. Hvíta húsið

22. Hampiðjan

23. Iceland Seafood International

FIMMTUDAGUR 7. NÓVEMBER

- 08.30

Ungur nemur og undirdjúpin

Kynning á fræðsluefni um sjávarútveg, sjávarlífverum og hafsbotni

Silfurberg
- 10.00

Íslenskur sjávarútvegur

- Hvar verðum við eftir 20 ár?

Silfurberg
- 12.00

Veitingar í Flóa, 1. hæð
- 13.00

Los í fiski er mannanna verk

Silfurberg A

Íslenskur fiskur í erlendum netverslunum

Silfurberg B

Remote Electronic Monitoring

Kaldalón

14:45

Veitingar í Flóa, 1. hæð

15:15

Kynningar þjónustuaðila sjávarútvegs (kostaðar kynningar)

Silfurberg A

Rannsóknir og þróun í sjávarútvegi, mikilvægt fyrir land og þjóð

Silfurberg B

Remote Electronic Monitoring

Kaldalón

17:00

Móttaka í boði Landsbankans

FÖSTUDAGUR 8. NÓVEMBER

08.30

Umbúðir fyrir sjávarfang – sjálfbærni og varðveisla gæða

Silfurbergi A

Orkunotkun og orkugjafar í sjávarútvegi

Kaldalón

10.10

Veitingar í Flóa, 1. hæð

10.40

The importance of origin

Silfurberg A

Mikilvægi fiskmarkaða og hvernig tryggjum við framboð til framtíðar

Silfurberg B

Umhverfissvænar togveiðar

Kaldalón

12.20

Veitingar í Flóa, 1. hæð

12.50

Kynning á nemendaverkefnum úr sjávarútvegstengdu námi

Silfurberg A

Framtíðin er núna

Silfurberg B

Shared fisheries, challenges and solutions to sustainability

Kaldalón

14.30

Veitingar í Flóa, 1. hæð

15.00

Kynning á nemendaverkefnum úr sjávarútvegstengdu námi

Silfurberg A

15.00

Í upphafi skyldi endinn skoða – Er til markaður fyrir nýjar hugmyndir?

Silfurberg B

16.40

Is the Icelandic fishing industry interested in being an ACTIVE participant in fisheries research?

Kaldalón

16.50

Aðalfundur Sjávarútvegsráðstefnunnar ehf.

Silfurberg B

Ritstjóri

Valdimar Ingi Gunnarsson

Ábyrgðarmaður

Valdimar Ingi Gunnarsson

Prentun

Landsprent

Öflugur samstarfsaðili í sjávarútvegi

Hjá Landsbankanum starfar öflugur hópur sérfræðinga með mikla reynslu sem aðstoðar þig við að koma hugmyndum í framkvæmd. Við tökum virkan þátt í uppbyggingu í sjávarútvegi og erum traustur bakhjarl og samstarfsaðili.



Ungur nemur og undirdjúpin

– Kynning á fræðsluefni um sjávarútveg, sjávarlífverum og hafsbotni

Silfurberg **Fimmtudagur 08.30–09.45**
Guðrún Arndís Jónsdóttir **Vilhelm Anton Jónsson**
Forstöðumaður Sjávarútvegs- – Kynnir
miðstöðvar Háskólans á Akureyri
– Umsjónarmaður

08.30 Sýning myndbanda

08.45 Menntanet sjávarútvegsins – Fræðsluefni um sjávarútveg fyrir kennara og nemendur
Hrefna Karlsdóttir, Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi

09.00 Sjavarlif.is – Ný vefsíða um lífríki hafsins og hafsbotninn við Íslandstrendur
Erlendur Bogason, kafari, Strýtan

09.15 Sjávarútvegsskólinn – Hvað er hann og fyrir hverja er hann?
Arnfríður Eide Hafþórsdóttir, Loðnuvinnslan og Kaupfélag Fáskrúðsfirðinga

09.30 Sýning myndbanda

Íslenskur sjávarútvegur – Hvar verðum við eftir 20 ár?

Silfurberg **Fimmtudagur 10.00–1200**
Farið er yfir stöðu sjávarútvegs og hvernig hann mun hugsanlega þróast á næstu 20 árum. Í því samhengi má benda á að hátækniyfirtækið Valka var t.d. ekki til fyrir 20 árum. Hvað þarf til af hálfu hagsmunaaðila og þar með opinberra aðila til að beina þróuninni í jákvæðan farveg með tilliti til afkomu sjávarútvegs, samkeppnishæfni, útflutningstekna og hagsældar þjóðarinnar. Íslenskur sjávarútvegur hefur verið til fyrirmyndar í alþjóðlegu samhengi. Hvernig getum við viðhaldið þeirri stöðu eða styrkt? Horft verður á væntanlega þróun hjá íslenskum sjávarútvegsfyrirtækjum, þjónustuiðnaðinum og stjórnun auðlindanna.

Sturlaugur Sturlaugsson **Róbert Guðfinnsson**
Fjölsmiðjan framkvæmdastjóri
– Umsjónarmaður – Málstofustjóri

10.00 Ávarp
Axel Helgason, formaður Sjávarútvegsráðstefnunnar

10.05 Opnun
Hr. Forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson

10.20 Framtíðarsýn sjávarútvegsfyrirtækis
Þorsteinn Már Baldvinsson, forstjóri Samherja hf.

10.40 Framtíðar fiskiskipið eftir 20 ár, m.t.t. gæða hráefnis, tækni, umhverfis og markaðssetningar afurðanna
Alfreð Tuliníus, stjórnarformaður Nautic ehf.

11.00 Staða og framþróun í matvælaframleiðslu – áskoranir og tækifæri tengd tækni framförum og sjálfbærnisjónarmiðum
Sigurður Ólason, framkvæmdastjóri Marel Fish

11.20 Samfélagssýn fyrir íslenskan sjávarvarútveg
Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra

11.40 Umræður

11.50 Afhending Hvatningarverðlauna
Björk Viðarsdóttir, TM

Los í fiski er mannanna verk

Silfurberg A **Fimmtudagur 13.00–14.45**
Farið er yfir meðhöndlun á hráefni við veiðar, flutning og í vinnslu. Mikilvægi kælingar til að lágmarka los og annarra þátta er valda gæðarýrnun. Farið er yfir hefðbundnar og nýjar aðferðir við kælingu á hráefni og afurðum. Flutningur getur valdið skemmdum á hráefni og verður fjallað um leiðir til að lágmarka skemmdir á hráefni og afurð. Við handflökun er hægt að halda losi í lágmarki en við aukna vélvæðingu stöndum við frammi fyrir ýmsum áskorunum með tilliti til losmyndunar. Farið er yfir hvað er hægt að gera til að gera fiskinn hæfari fyrir vinnslu í vélum.

Margrét Geirsdóttir **Kristín Anna Þórarinsdóttir**
sérfræðingur, Matís Taramar
– Umsjónarmaður – Málstofustjóri

13.00 Áhrif efna- og eðlisfræði fiska á los
Sæmundur Elíasson, doktorsnemi við Háskóla Íslands og sérfræðingur hjá Matís

13.20 Hefðbundnar og nýjar aðferðir við kælingu á hráefni og afurð
Sigurjón Arason, yfirverkfræðingur og prófessor, Matís og Háskóli Íslands

13.40 Þróun vinnsluferla til að lágmarka gæðarýrnun á fiskholdi frá veiðum á disk neytanda
Guðmundur H Gunnarsson, nýsköpunarstjóri, Skinney Þinganes

13.55 Hráefnigæði – reynsla og nálgun HG
Heiða Jónsdóttir, Hraðfrystihúsið Gunnvör

14.10 Sýn iðnaðarins á gæðamál með sérstakri áherslu á los
Skjöldur Pálmason, framkvæmdarstjóri, Oddi hf.

14.25 Umræður

Íslenskur fiskur í erlendum netverslunum

Silfurberg B **Fimmtudagur 13.00–14.45**
Neysluhegðun er að breytast. Fólk kaupir í auknum mæli matvörur á netinu og vörumerki og markaðssetning skipta þar með jafnvel enn meira máli en áður. Íslensk sjávarútvegsfyrirtæki hafa lengi stefnt að því að auka framlegð af aflanum og koma fisknum milliliðalaust til verslana/neytenda. En hvernig hefur það gengið og hvaða aðferðum er best að beita? Hvernig geta sjávarútvegsfyrirtæki komið fiski og fiskafurðum beint til neytanda og aukið framlegð sína?

Haukur Ómarsson **Haukur Ómarsson**
Landsbankinn – Umsjónarmaður Landsbankinn – Málstofustjóri


13.00 Landamæralaus markaður
Magnús Halldórsson, ritstjóri Vísbendingar

13.20 The Story of Niceland: Building a value based brand
Oliver Luckett, chariman of Niceland Seafood and EFNI

13.40 Fiskur í netverslunum í Kína
Agnes Guðmundsdóttir, Icelandic Asia, formaður félags Kvenna í sjávarútvegi

13.55 Pallborðsumræður

Leiðandi vettvangur í tíu ár



Wisefish
sjávarútvegslausrir

Fullbúin sjávarútvegslausrir í áskrift Microsoft Dynamics BC

Wise er leiðandi í þróun hugbúnaðarlausna fyrir sjávarútveg með WiseFish í fararbroddi sem er vottað af Microsoft.

WiseFish er sérsniðin hugbúnaðarlausn sem er hönnuð til að sinna þörfum sjávarútvegsfyrirtækja. Hugbúnaðurinn býr yfir fjölbreyttum eiginleikum og tekur tillit til allra hluta virðiskeeðju sjávarfangsins, allt frá veiðum og framleiðslu til sölu og dreifingar.

Sérfræðingar WiseFish verða til staðar á **Sjávarútvegsráðstefnunni**, tilbúnir að miðla af víðtækri þekkingu og reynslu af þjónustu og hugbúnaðarþróun fyrir sjávarútveginn.

„Lykillinn að góðum árangri er hugbúnaður sem gefur okkur lykilupplýsingar í rauntíma.

Við notum WiseFish og WiseAnalyzer, sem tryggir að staða, árangur og framlegð er alltaf ljós í lok dags.“



Guðmundur Smári Guðmundsson,
G.RUN Grundarfirði

Lausrir Wise spanna alla virðiskeeðju sjávarútvegsins frá veiðum til sölu og dreifingar.



wise

Wise lausrir ehf. » sími: 545 3200 » wise@wise.is » wise.is

Remote electronic monitoring in fisheries

Kaldalón Fimmtudagur 13.00–17.00

Remote electronic monitoring (REM), including camera surveillance, is currently being debated as a potentially effective technology to assist with monitoring, control and surveillance in the fishing industry. This alternative is by many thoughts to be a cost efficient, practical and applicable solution to facilitate full catch accountability, improve data gathering for fisheries management and lead to reduction of discards. Others are however of the opinion that electronic monitoring of this kind is too expensive and unnecessarily invasive towards privacy of fishermen. The aim of this session is to introduce current state-of-the-art in REM and to discuss potential implementation in a Nordic context.

Jónas R. Viðarsson

Research Group Leader, Matís
– Supervisor

Áslaug Eir Hólmgeirsdóttir

sviðsstjóri, Fiskistofu
– Chair

13.00 Global overview of REM in fisheries

Jónas R. Viðarsson, Research Group Leader, Matís

13.20 Available technical solutions for REM

Leifur Magnússon, director – Information technology,
Directorate of Fisheries, Iceland

13.40 Fully documented fisheries trials in Denmark

Kristian S. Plet-Hansen, Academic Employee, DTU Aqua

14:00 REM and the Value of Catch Identification: Electronic monitoring in Norwegian fisheries

Thord Monsen, Head of Section, Norwegian Directorate of Fisheries

14.20 Experience from the implementation of camera surveillance in Chile

Luis Cocas, Undersecretariat for Fisheries and Aquaculture,
Government of Chile

14.45 Coffee break

15.15 The Evolution of a Commercial Fishery: Experience of fishermen working under REM

Wes Erikson, Commercial fisherman, Director Halibut Advisory board,
4th Generation Fishing Co. Canadian Halibut Advisory Board

15.35 Electronic monitoring of Scottish fisheries: a strategic approach to developing an evidence base

Helen Holah, Spatial and Remote Electronic Monitoring Fisheries
Analyst hjá Marine Scotland

15.55 The EU landing obligation and REM

Clara Ulrich, Deputy Head of Science, IFREMER, France

16.15 Panel discussions

Kynningar þjónustuaðila sjávarútvegs (kostaðar kynningar)

Silfurberg A Fimmtudagur 15.15–17.00

Markmiðið er að gefa þjónustuaðilum sjávarútvegs möguleika á að kynna vörur og þjónustu sem fyrirhugað er að markaðssetja eða er nýlega byrjað að selja. Hér er um kostaðar kynningar að ræða og ekki er verið að kynna fyrir-tækið eða almennar vörur eða þjónustu sem það býður upp á. Vonast er til að kynning á nýjungum í sjávarútvegi auðveldi ákvörðunartöku í rekstri sjávarútvegsfyrirtækja.

Valdimar Ingi Gunnarsson

Sjávarútvegsráðstefnan
– Umsjónarmaður

Grímur Valdimarsson

– Málstofustjóri

15.15 Verðmætaaukning í matvælavinnslu – Notkun á Value Pump
Freysteinn Nonni Mánason, svæðissölustjóri, Skaginn 3X

15.25 Þróun á léttari og umhverfisvænni matvælapakningum
Björn Margeirsson, rannsóknastjóri og dósent,
Tempra/Sæplast/Háskóli Íslands

15.35 Róbótar sem partur af sjálfvirknivæðingu í sjávarútvegi
Kristján Ármannsson, yfirmaður tæknilegra lausn, Samey
Sjálfvirknimiðstöð

15.45 Leigukerfi með endurnýtanlegar umbúðir fyrir íslenskan sjávarútveg
Hilmir Svavarsson, framkvæmdarstjóri, iTUB

15.55 Þróun á kynningarefni Sjávarútvegsráðstefnunnar
Kristján Aðalsteinsson, viðskiptastjóri, Hvíta húsið

16.05 Myndgreining flaka – Aukin sjálfvirkni roðvéla
Andri Fannar Gíslason, rannsóknir
og þróun, Vélfag



16.15 Rafmagns landtengingar stærri skipa
Kjartan Jónsson, hönnuður rafkerfa, Verkís

16.25 Digital seafood where data becomes value
Anna Björk Theodórsdóttir, Sea Data Center

16.35 Hreinlæti í sjávarútvegi
Almar Eiríksson, sölu- og markaðsstjóri, Mjöll Frigg

Leiðandi
vettvangur í tíu ár

Sjálfbærar lausnir fyrir íslenskan sjávarútveg



Rannsóknir og þróun í sjávarútvegi, mikilvægt fyrir land og þjóð

Silfurberg B Fimmtudagur 15.15–17.00

Málstofunni verður fjallað um mikilvægi rannsókna og þróunar í sjávarútvegi fyrir framþróun í greininni, sjálfbærni veiðistofna og samfélagið. Þar mun greinin sjálf og vísindamenn setja fram hugmyndir sínar um hver væru næstu skref í rannsóknum og þróun innan sjávarútvegsins, bæði hvað varðar vistkerfi hafsins en einnig veiðar og vinnslu. Fjallað verður um hlutverk sjávarútvegsins í nýsköpun á Íslandi og hvaða máli haftengd nýsköpun skiptir fyrir land og þjóð. Einnig verða styrkjamöguleikar til rannsókna á sviði sjávarútvegs á Íslandi ræddir og hvort við séum á réttri leið í þeim efnum.

Hólmfríður Sveinsdóttir

Genís
– Umsjónarmaður

Margrét Geirsdóttir

sérfræðingur, Matís
– Málstofustjóri

15.15 Íslenska þróunar- og nýsköpunarstyrkjarkerfið, erum við á réttri leið?

Sigurður Björnsson, sviðsstjóri rannsókna- og nýsköpunarsviðs, Rannís

15.25 Lækningamáttur þorsksins (Gadus morhua) – Sjávarlíftækni á Íslandi

Ágústa Guðmundsdóttir, rannsóknastjóri, Zymtech

15.35 Mikilvægi nýsköpunar í sjávarútvegi

Ásta Björk Sigurðardóttir, hagfræðingur, Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi

15.45 Þekking okkar á vistkerfum hafsins umhverfis Ísland og mikilvægi rannsókna á tímum umhverfisbreytinga

Þorsteinn Sigurðsson, sviðsstjóri uppsjávarlífríkis, Hafrannsóknastofnun

15.55 Félag uppsjávariðnaðarins – okkar leið

Sindri Viðarsson, sviðsstjóri uppsjávarsviðs, Vinnslustöðin

16.05 Pallborðsumræður

Umbúðir fyrir ferskt sjávarfang – sjálfbærni og varðveisla gæða

Silfurberg A Föstudagur 08.30–10.10

Ábyrg notkun umbúða fyrir ferskar fiskafurðir er mikilvægt hagsmunamál fyrir íslenskan sjávarútveg en vægi ferskra sjávarafurða í útflutningi hefur aukist mikið á undanfórnum árum. Meiri kröfur eru almennt gerðar til einangrunar og styrks ferskfiskumbúða en umbúða fyrir aðrar sjávarafurðir vegna þess hve viðkvæm vara ferskur fiskur er og flutningskeðjan flókin og krefjandi. Ábyrga notkun umbúðanna má tengja við fjölmarga þætti: varðveislu fiskgæða, efnisval og matvælaöryggi, hönnun, framleiðslu, öryggi starfsmanna, hagkvæmni í flutningum, endurnotkun/vinnslu umbúðanna, og annað sem getur valdið umhverfisáhrifum. Í þessari málstofu verður farið yfir þróun síðastliðinna ára á ferskfiskpakkingum, bæði fyrir heilan fisk og flök/flakabita. Framleiðendur og söluaðilar ferskfiskpakkinga gera grein fyrir hvernig þeir svara vaxandi kalli neytenda eftir minna umhverfisálagi pakkinga án þess að fórna gæðum.

Sigurjón Arason

Matís
– Umsjónarmaður

Kristín Magnúsdóttir

Berry – Promens
– Málstofustjóri

08.30 Yfirlit yfir umbúðir fyrir ferskt sjávarfang

Sigurjón Arason, yfirverkfræðingur og prófessor, Matís og Háskóli Íslands

08.50 Íslensk fiskiker úr plasti – endurnýtanlegar og endurvinnanlegar umbúðir sem varðveita gæði

Daði Valdimarsson, framkvæmdarstjóri, Sæplast Iceland

09.05 Hröð þróun í átt endurvinnanlegum flutningaumbúðum (Case: The EcoFishBox)

Kristján Geir Gunnarsson, forstjóri Kassagerðar Reykjavíkur

09.20 Á tímum breytinga

Brynjar Viggósson, framkvæmdastjóri sölusviðs, Samhentir

09.35 Íslenski frauðkassinn – íslensk, umhverfisvæn iðnaðarframleiðsla sem hámarkar gæði ferskfisks

Hannes Eyvindsson, verksmiðjustjóri, Tempra

09:50 Umræður

Orkunotkun og orkugjafar í sjávarútvegi

Kaldalón Föstudagur 08.30–10.10

Olíunotkun í sjávarútvegi hefur dregist saman á undanfórnum árum og áfram mun draga úr henni án þess að það hafi áhrif á veitt magn og útflutningsverðmæti. Margt hefur drifið þessa þróun áfram, ekki síst tækniframfarir. Farið verður yfir hvað hefur áunnist; hvernig og hvar er hægt að spara orku, er rafmagnið lausnin og mun krafa neytenda knýja á um minni orkunotkun við framleiðslu matvæla.

Benedikt Sigurðsson

Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi
– Umsjónarmaður

Helga Sigurrós Valgeirsdóttir

Arion banki
– Málstofustjóri

08.30 Er raunhæft að kolefnisjafna íslenskan sjávarútveg?

Hildur Hauksdóttir, sérfræðingur í umhverfismálum, Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi

08.45 Veiðir á við tvo en eyðir þriðjungi minna af olíu, gengu spár eftir?

Rakel Sævarsdóttir, Skipasýn

09.00 Innlendir orkugjafar í íslenskan skipaflota – vetni og afleiddir orkuberar

Hafsteinn Helgason, sviðsstjóri viðskiptaþróunarsviðs, Efla verkfræðistofa

09.15 Verða smábátarnir rafmagnaðir?

Bjarni Hjartarson, farartækjahönnuður, Navís

09.30 Vilja neytendur kaupa vörur sem framleiddar með sjálfbærum hætti? Hvað vilja þeir borga fyrir það?

Ólafur Elínarson, sviðsstjóri markaðsrannsókna, Gallup

09.45 Umræður



Hvíta Húsið

VILTU VITA?

Hvíta húsið vísar þér leiðina að árangri í markaðsmálum



Við búum að samfelldri sögu frá 1961. Við höfum teiknað og mótað ótal vörumerki, gert árangursríkar auglýsingar fyrir alla miðla, hannað þúsundir umbúða og gengið frá ársskýrslum og öðru kynningarefni fyrir mörg af stærstu fyrirtækjum landsins. Við vitum hvernig landið liggur og bjóðum þér að vera samferða.

hvitahusid.is

The importance of origin

Silfurberg A Föstudagur 10.40–12.20

Seafood has been Iceland's most important export product for a long time. Do consumers around the world know that the fish on their plate comes from Iceland? Does the origin of the product even matter to them? How is Icelandic fish presented in store shelves and in restaurants in our most important markets? What are the opportunities of having a strong country-of-origin brand? In this seminar, we hear about Alaska's achievements in seafood branding and see new results from a consumer survey in major seafood export markets. Furthermore, we hear testimonials from the retail end of the market and from one of Iceland's finest chefs about how they tell the story of the Icelandic fish to their clients.

Björgvin Þór Björgvinsson

Íslandsstofa
– Supervisor

Ingveldur Ásta Björnsdóttir

Íslandsstofa
– Chair

10.40 ASMI: Promoting the Alaska Brand in a Global Market

Jeff Regnart, Fishery Biologist/Policy Advisor, Alaska Seafood Marketing Institute (ASMI)

11.00 Brand audit – what do consumers really think of seafood from Iceland?

Kristinn Björnsson, Project Manager at Promote Iceland
– Trade & Export

11.20 Tradition and collective memory: Icelandic Cod and La Sirena

Raül Cervera Moreno, Seafood Category Manager, La Sirena

11.40 From Eyjafjörður to New York

Gunnar Karl Gíslason, Head chef and owner of Dill restaurant

12.00 Discussion

Mikilvægi fiskmarkaða og hvernig tryggjum við framboð til framtíðar

Silfurberg B Föstudagur 10.40–12.20

Enginn deilir um mikilvægi fiskmarkaðanna og ljóst er að hlutverk þeirra í verðmyndun, verðmætaaukningu og góðri nýtingu á aukategundum hefur stuðlað að betri umgengni um auðlindina og aukið tækifæri útgerða og fiskvinnsla vítt og breitt um landið til að verða sér úti um hráefni og skapa verðmæti úr tegundum sem áður voru lítið nýttar. Á málstofunni verður farið yfir þær breytingar sem urðu með tilkomu fiskmarkaðanna og hvaða áhrif þær hafa haft á fiskvinnslu og útgerð. Uppboðskerfi markaðanna er að nokkru leyti einstakt á heimsvísu og það hefur verið notað sem fyrirmynd uppboðskerfa í öðrum löndum. Með tilkomu nýrrar tækni er varðar staðsetningu skipa munu skapast ný tækifæri til að þróa uppboðskerfið enn lengra í þá átt að skapa kaupendum tækifæri til markvissari kaupa. Komið verður inn á sjónarmið seljenda á fiskmörkuðunum og hvernig þeir sjá fyrir sér þróun markaðanna.

Axel Helgason,

formaður, Landssamband
smábátæigenda
– Umsjónarmaður

Aron Baldursson,

framkvæmdarstjóri,
Fiskmarkaður Íslands
– Málstofustjóri

10.40 Fiskmarkaðir og virðisikeðja

Sveinn Agnarsson, prófessor, Háskóli Íslands

10.55 Fiskmarkaðir – kerfin og þróun þeirra

Eyjólfur Þór Guðlaugsson, framkvæmdastjóri,
Reiknistofa fiskmarkaða

11.10 Hversu mikilvægir eru fiskmarkaðirnir?

Daði Már Kristófersson, sviðsforseti/prófessor, Háskóli Íslands

11.25 Lausnir fyrir rekjanleika afla

Steingrímur Gunnarsson, vörustjóri, Trackwell

11.40 Sjónarmið seljenda á fiskmörkuðunum

Axel Helgason, Landssamband smábátæigenda

11.55 Umræður

SJÁLFBÆR SJÁVARÚTVEGUR

AUKUM VERÐMÆTI ÍSLENSKRA SJÁVARAFURÐA
MEÐ SAMEIGINLEGU MARKAÐSSTARFI Á GRUNDEVILLI
UPPRUNA, SJÁLFBÆRNI OG NÝSKÖPUNAR

GERUM HUGVIT, NÝSKÖPUN OG TÆKNI
AÐ BURÐARÁSUM VERÐMÆTASKÖPUNAR

Kynntu þér nýja stefnumótun fyrir íslenskar útflutningsgreinar á stefnumotun.islandsstofa.is



ÍSLANDSSTOFA

Til hamingju með 10 ára afmælið

**Iceland Seafood óskar
Sjávarútvegsráðstefnunni innilega til
hamingju með 10 ára afmælið og frábært starf
í þágu íslensks sjávarútvegs.**

Umhverfisvænar togveiðar

Kaldalón Föstudagur 10.40–12.20
Horft til framtíðar þar sem bylting verður í flæði rauntímaupplýsinga frá veiðarfæri til skipstjórnenda og úrvinnslu upplýsinganna. Umhverfi veiðarfærisins og veiðarfærið sjálft verður sýnilegt með betri sónarmyndum og myndavélum staðsettum í veiðarfæri. Í framtíðinni munu skipstjórnendur geta staðsett trollið í bestu stöðu í sjónum með stýranlegum toghlerum og veitt þær tegundir sem aflaheimildir segja til um og forðast aðrar tegundir. Einnig verður hægt að greina og skilja út tegundir sem ekki er sóst eftir jafnóðum.

Atli Már Jósafatsson framkvæmdarstjóri, Polar Fishing Gear – Umsjónarmaður	Jón Oddur Davíðsson Hampiðjan – Málstofustjóri
--	---

- 10.40 Ljósleiðarakapall til gagnaflutnings**
Hjörtur Erlendsson, forstjóri Hampiðjunnar
- 10.55 Umhverfisvænir toghlerar**
Atli Már Jósafatsson, framkvæmdarstjóri, Polar Fishing Gear
- 11.10 Raunupplýsingar úr veiðafæri**
Valdimar Einisson, framkvæmdarstjóri, Simberg
- 11.25 Fiskvali, flokkun á fisk úr trolli**
Sigmar Guðbjörnsson, framkvæmdarstjóri, Stjörnu-Oddi
- 11.40 Viðhorf og ábendingar skipstjóra**
Eiríkur Jónsson, skipstjóri, Akurey og Geir Zoega, skipstjóri, Polar Amaroq

11.55 Umræður

Kynning á nemendaverkefnum úr sjávarútvegstengdu námi

Silfurberg A Föstudagur 12.50–16.40
Markmiðið er að miðla upplýsingum, þekkingu og auka samskipti og samstarf á milli menntastofnana og sjávarútvegs. Í málstofunni gefst nemendum tækifæri að kynna sjávarútvegstengd meistara- og doktorsverkefni og önnur áhugaverð nemendaverkefni í háskólum og framhaldsskólum fyrir forsvarsmönnum í sjávarútvegi og öðrum áhugasömum. Kynningarnar munu gefa gott yfirlit yfir helstu sjávarútvegstengdar rannsóknir sem unnið er að í háskólum og framhaldsskólum.

Guðrún Arndís Jónsdóttir forstöðumaður Sjávarútvegs- miðstöðar HA – – Umsjónarmaður	Ásgeir Jónsson forstöðumaður haftengdrar nýsköpunar, Háskólinn í Reykjavík – Málstofustjóri
---	---

- 12.50 Endurhönnun á frauðkössum fyrir ferskan fisk**
Sigurður Jakob Helgason, Háskóli Íslands
- 13.00 Endurhönnun á mjölvinnslu uppsjávarfiska**
Katrín Róbertsdóttir, Háskóli Íslands
- 13.10 Áhrif hönnunar fiskkera á fiskgæði og flutningskostnað**
Rúnar Ingi Tryggvason, Háskóli Íslands
- 13.20 Uppboðskerfi fiskmarkaða – Þarfagreining uppboðskerfis og gerð spálíkans fyrir uppboðsverð**
Bjarni Rúnar Heimisson, Niceland Seafood / Háskóli Íslands
- 13.30 Kynjahalli í stjórnendastöðum í sjávarútvegi**
Aldís Sveinsdóttir, Háskóli Íslands og Promennt
- 13.40 Áhrifavaldamarkaðssetning á Íslenskum fiski í Bandaríkjunum**
Gabriella Rún Sigurðardóttir, Háskólinn í Reykjavík



Skórnir þínir. Kaffið í bollanum. Pappírinn í blaðinu sem þú ert að lesa. ...Ef þú hefur notað það, þá höfum við líklega flutt það til landsins. Og ef þú ert að hugsa um að flytja eitthvað milli landa eða landshluta ættirðu að hafa Samskip í huga. Við erum með skip, bíla, gáma, lestar og vöruhús – en umfram allt fólkið sem hugsar út fyrir gáminn með þér – til að finna bestu leiðina hverju sinni fyrir þig og umhverfið.

Saman náum við árangri

- 13.50

Sjávarlús á villtum laxfiskum á sunnanverðum Vestfjörðum

Eva Dögg Jóhannesdóttir, Háskólinn á Hólum og Arctic Fish
- 14.00

Kýlaveikibróðir

Sigþóra Brynja Kristjánsdóttir, Háskólinn á Akureyri
- 14.10

Umræður
- 14.30

Veitingar
- 15.00

Er hagkvæmt að nýta ljósátu í Ísafjarðardjúpi?

Kristján Guðmundur Jóhannsson, Háskólasetur Vestfjarða og stjórnarformaður Hraðfrystihússins Gunnvarar
- 15.10

A depth-dependent assessment of annual variability in gonad index, reproductive cycle (gametogenesis), and roe quality of green sea urchin (Strongylocentrotus droebachiensis) in Breiðafjörður, Iceland

Tasha Eileen O'hara, University Centre of the Westfjords and Coonamesett Farm Foundation
- 15.20

Assessing The Degree of Maerl Habitat Fragmentation Affecting Fish Species Abundance

Michelle Lorraine Valliant, University Centre of the Westfjords
- 15.30

How will Icelandic cod react to warming global oceans?

Gotje Katharina G. Von Leesen, PhD Candidate, University of Iceland
- 15.40

Local Ecological Knowledge on Sustainable Rockweed Harvesting

Jamie Lee, University Centre of the Westfjords
- 15.50

Understanding the Spatial Distribution of Arsenic, Cadmium, and Mercury in the Westfjords of Iceland

Anna Hixson, University Centre of the Westfjords

- 16.00

Lumpfish Habitat Development for use in Salmon Farming

Helen Conlon, University Centre of the Westfjords
- 16.10

Abundance and Distribution of Humpback Whales in Ísafjarðardjúp

Justin Brown, University Centre of the Westfjords
- 16.20

Discussion

Framtíðin er núna

Silfurberg B Föstudagur 12.50–14.30

Samfélag og atvinnulíf okkar hefur undirgengist hraðar breytingar á undanförnum árum sem hafa verið drifnar áfram af tækniþróun. Frekari breytinga er að vænta, sérstaklega þegar litið er til upplýsingatækni. Málstofan fjallar um hvernig fyrirtæki í sjávarútvegi hafa byggt upp hæfni til að þjónusta sífellt kröfuharðari viðskiptavini og hvernig þau eru að búa sig undir áframhaldandi þróun sem er talin munu hafa áhrif á vinnslu og sölu sjávarafurða.

Bjarni Eiríksson
Marel – Umsjónarmaður

Anna Kristín Pálsdóttir
Marel – Málstofustjóri

- 12.50

Áskoranir framtíðarinnar á traustum grunni

Bjarni Ármannsson, Iceland Seafood International

- 13.10

Verðmætasköpun í fiskvinnslu

Gunnar Páll Hálfðánarson, Leo Seafood

- 13.30

Fiskvinnsla framtíðarinnar

Bergur Guðmundsson, Marel

- 13.50

Umræður



Verkís er öflugt og framsækið ráðgjafafyrirtæki sem býður þjónustu á sviði landtenginga skipa og rafvæðingu hafna. Sérfræðingar okkar sjá um úttektir og hönnun rafdreifikerfa, ásamt dreifingu orku til hafna.

Verkís verkfræðistofa | Ofanleiti 2 | 422 8000 | www.verkis.is | verkis@verkis.is





Shared fisheries, challenges and solutions to sustainability

Kaldalón Föstudagur 12.50–14.30

Sustainable fishing should be today's normative practice. FAO estimate that at least 30% of current global fishing practice is overexploitation. The root of the problem is complex. Among the factors are; overinvestment, illegal and unregulated fishing activities, lack of management objectives, nationally and internationally, and lack of agreement of quota allocation between fishing states. The objective of this seminar is to present the challenges in the international fisheries, including overview of current international regulation, status of agreements of shared stock in Iceland and what improvements may be needed to put international fisheries of shared stock on a sustainable level.

Gísli Gíslason Gísli Gíslason
MSC – Supervisor MSC – Chair

12.50 International fisheries and shared fish stocks. Global overview
Erik J. Molenaar, Netherlands Institute for the Law of the Sea

13.10 International treaties, opportunities and limitation
Helgi Áss Grétarsson

13.25 Shared fish stocks in Icelandic and adjacent waters – current situation and future challenges
Jóhann Sigurjónsson, Special Envoy on Ocean Affairs, Ministry for foreign Affairs, Iceland

13.40 Shared fishery challenges to get and maintain sustainability certifications
Camiel Derichs, MSC

13.55 Sharing is caring!
Jens Garðar Helgason, Fisheries Iceland

14.10 Discussion

Í upphafi skyldi endinn skoða – Er til markaður fyrir nýjar hugmyndir?

Silfurberg B Föstudagur 15.00–16.40

Eitt af fyrstu skrefum í nýsköpun ætti að vera gagnrýnin spurning sem snýr að markaðsmöguleikum hugmyndarinnar. Hvort markaður sé til staðar fyrir fyrirhugaða vöru og hvaða hindranir kunni að vera við markaðssetningu á vörunni, áður en farið er í frekari vöruþróun. Það er því mikilvægt að í upphafi skuli endinn skoðaður í allri nýsköpun. Frumkvöðlar munu segja frá sinni reynslu að koma nýrri vöru á markað og þeim hindrunum og tækifærum sem þeir hafa staðið frammi fyrir.

Magnús Valgeir Gíslason Kristján Aðalsteinsson
Happlus Hvíta húsið
– Umsjónarmaður – Málstofustjóri

15.00 Hafðu eitthvað að segja sem vörumerki þegar þú markaðssetur nýja afurðum á erlendum markaði
Eiríkur Már Guðleifsson, ráðgjafi, Hvíta húsið

15.20 Að skapa eftirsóknarvert vörumerki úr íslenskum fiski
Kristín Ýr Pétursdóttir, Stofnandi & Brand Manager hjá Feel Iceland

13.35 Að fá tilfinningu fyrir og greina þörfina, er hún til staðar?
Þorsteinn Víglundsson, framkvæmdastjóri, Thorice

15.50 Tækifærin í virðiskeðjunni
Sjöfn Sigurgísladóttir, framkvæmdastjóri SagaNatura

16.05 Við hoppum ekki hærra en við hugsum
Ingi Björn Sigurðsson, fjárfestingastjóri, Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins

16.20 Umræður

Is the Icelandic fishing industry interested in being an ACTIVE participant in fisheries research?

Kaldalón Föstudagur 15.00–16.40

In recent years, the fishing industry in neighbouring countries has become an active participant in fisheries research. They have hired fisheries scientists and are developing their own research programs, some in collaboration with universities and research institutes. Active involvement of the fishing industry in fisheries research facilitates more diverse research questions. Diverse questions result in a broader range of research projects and more comprehensive knowledge about how the marine ecosystem functions. Another reason why fisheries' involvement in research is vital is that fishing vessels outnumber research vessels by far and spend more time at sea. Fishing vessels are an underutilized platform for research at sea and data sampling at sea. Finally, digital development allows utilization of data from various equipment currently used on fishing vessels, such as acoustic recordings and environmental data from trawl sensors. The fishing industry and the research community share a common goal which is sustainable use of marine resources. Why should the Icelandic fishing industry not be an ACTIVE participant in fisheries research?

Freydís Vigfúsdóttir Anna Heiða Ólafsdóttir
University of Iceland Research Institute
– Supervisor – Chair

15.00 Unlocking the full potential of industry-science collaboration
Martin Pastoors, Pelagic Freezer-Trawler Association

15.20 The role of fish biology in fisheries ecology? A joint vision of academia and industry
Guðbjörg Ásta Ólafsdóttir, Director, University of Iceland, Research Centre of the Westfjords

15.35 Unknown knowns
Páll Snorrason, executive, operations and financial division, Eskja

15.50 Scientific research by the industry: Conflict or collaboration
Guðmundur Þórðarson, Marine and Freshwater Research Institute

16.05 Can science use more data from the coastal fleet?
Axel Helgason, The National Association of Small Boat Owners

16.20 Discussion





Í FREMSTU RÖÐ

SKAGINN 3X er í fremstu röð fyrirtækja í heiminum í þróun kæli-, frysti- og hátæknilausna á sviði matvælaframleiðslu.



Búnaður frá Skaginn 3X var settur upp í Gidrostroy uppsjávarverksmiðjunni á Shikotan-eyju í Kúrileyja-klanum við austurströnd Rússlands. Þessi verksmiðja getur flokkað, pakkað og fryst 900 tonn af uppsjávarfiski á sólarhring.

skaginn3x.com



Leiðandi
vettvangur í tíu ár



Hvatningarverðlaun Sjávarútvegsráðstefnunnar og TM

Þrjú fyrirtæki hafa verið valin úr hópi tilnefninga til að hljóta
Hvatningarverðlaun Sjávarútvegsráðstefnunnar og TM árið 2019.

Hvatningarverðlaun Sjávarútvegsráðstefnunnar og TM eru veitt ungum fyrirtækjum eða sjálfstætt starfandi einstaklingum fyrir nýbreytni og þróunarverkefni sem þykir hafa skarað fram úr og skapað væntingar um framlag sem talið er að muni treysta stoðir íslensks sjávarútvegs. Verðlaunin eru í formi viðurkenningarskjals og verðlaunagripsins Sviföldunnar.

Markmiðið með veitingu Hvatningarverðlaunanna er að hvetja ung fyrirtæki og frumkvöðla til dáða, stuðla að nýbreytni og vekja athygli almennings á gildi nýsköpunar og þróunar í sjávarútvegi.

Sex manna dómnefnd skipuð aðilum úr sjávarútvegsfyrirtækjum, rannsóknarstofnunum, tæknifyrirtækjum og þjónustuaðilum við sjávarútveginn lagði mat á tilnefningar til verðlaunanna.

Við mat á tillögum var litið til frumleika og áhrifa á virðisaukningu. Einnig var litið til áhrifa á ímynd íslensks sjávarútvegs, sjálfbærni og samstarfs.

Niceland Seafood er tilnefnt til Hvatningarverðlauna Sjávarútvegsráðstefnunnar og TM fyrir nýstárlegar leiðir í sölu og markaðssetningu á íslenskum fiski. Niceland Seafood er fyrsta fyrirtækið sem býður upp á ferskan, íslenskan fisk með rekjanleikalausn sem sýnir neytendum hvernig fiskurinn ferðast frá veiðum í verslanir/veitingarhús. Niceland Seafood leggur áherslu á að draga fram á myndrænan hátt opinber gögn frá eftirlitsstofnunum, upplýsingar frá veiðum, vinnslu og flutningi á vörunni ásamt itarefni um næringargildi, uppskriftir og annað sem neytendur vilja vita um vöruna. Fyrirtækið leggur áherslu á að fylgja vörum sínum vel eftir með öflugri markaðssetningu undir vörumerkjum Niceland Seafood. Það er gert í samstarfi við verslanir og veitingahús með kynningarefni í fiskborði eða á matseðlum og víðar. Þar að auki sérhæfir fyrirtækið sig í markaðssetningu á netinu bæði í gegnum samfélagsmiðla og aðra netmiðla. Þannig er fyrirtækið bæði að selja íslenskan fisk undir sterku vörumerki og nýta sér upplýsingar sem áður voru ótengdar og ósýnilegar neytendum með það fyrir augum að ná fram meiri verðmætum út úr þessari mikilvægu útflutningsvöru Íslendinga.

BRÚTUS SÚPER EXTRA

VINUR VÉLSTJÓRANS

ÖFLUG HREINSIEFNI SEM LEYSA UPP OLÍUR, TJÖRU, SÓT, FITU OG PRÓTÍN

BRÚTUS SÚPER EXTRA hentar vel til báta- og skipahreinsunar og tjöruheinsunar á farartækjum. **BRÚTUS SÚPER EXTRA** hentar til almennra þrifa á verkstæðum, iðnaðarhúsnæði og einnig til þrifa á vinnugöllum. **BRÚTUS SÚPER EXTRA** inniheldur engin óæskileg leysiefni og hentar því sérlega vel til þrifa í lokuðum rýmum.

VINUR VÉLSTJÓRANS er hreinsiefni fyrir tæki, veggi, gólf o.fl. í vélarúmi skipa. **VINUR VÉLSTJÓRANS** leysir upp og þrífur fitu, olíu, söt, nikótín, bremsuför og önnur óhreinindi. **VINUR VÉLSTJÓRANS** hentar mjög vel til þrifa á verkstæðisgölfum og vélarúmum.

mjöll frigg
-hreinlega sterkari



Svifaldan



Codland er tilnefnt til Hvatningarverðlauna Sjávarútvegsráðstefnunnar og TM fyrir framtak sem mun skapa verðmæti og atvinnu og tryggja þá ímynd enn fastar í sessi sem einkennt hefur íslenskan sjávarútveg um aukna nýtingu á hráefni til verðmætasköpunar. Codland var stofnað árið 2012 þegar Íslenski sjávarklasinn í samstarfi við Vísir og Þorbjörn í Grindavík settu stefnuna á að skapa hámarksverðmæti úr öllum hlutum fisksins. Markmið Codland er að efla ímynd og hámarka fullnýtingu á þorski. Stærsta verkefni Codlands hefur verið að koma af stað fyrirtækinu Icelandic Marine Collagen, sem er í eigu fjögurra útgerða; Brims, Samherja, Vísis og Þorbjarnar, og mun vinna verðmæt og eftir-sótt kollagen-peptíð og gelatín úr fiskroði.

Sjávarklasinn er tilnefndur til Hvatningarverðlauna Sjávarútvegsráðstefnunnar og TM fyrir stuðning við nýsköpun og samvinnu hinna ýmsu aðila innanlands og utan. Mikill fókus hefur verið á sjálfbærni og hafa verkefnin stuðlað að auknu samstarfi fyrirtækja, mennta- og ríkisstofnana.

Starfsemi Sjávarklasans hefur stuðlað að vitundarvakningu á Íslandi á mkil-vægi og fjölbreytileika starfsemi sem tengd er sjávarútvegi. Sjávarklasinn er samfélag yfir 80 fyrirtækja og frumkvöðla í hafsækinni starfsemi. Þar eru fyrirtæki í fiskeldi, fisksölu, sjávarútvegstækni, hugbúnaði, hönnun, líftækni, snyrtivörum og ýmsu öðru. Sjávarklasinn er samfélag þessara fyrirtækja og vettvangur fyrir þau að skapa saman ný verðmæti.

Tilkynnt verður um vinningshafa verðlaunanna á Sjávarútvegsráðstefnunni.



SNJÖLL ÞJÓNUSTA fyrir snjallari vinnslur

Fjórða iðnbyltingin gerir kröfu um snjallar lausnir og snjalla þjónustu. Marel býður upp á fjölbreytt úrval þjónustu- og viðhaldssamninga og aðlagar þá að þörfum viðskiptavina sinna til að hámarka virði, afköst og gæði.

Kynntu þér þjónustulausnir okkar á marel.is/thjonusta eða í síma: 563 8002



Ungur nemur og undirdjúpin, og kynning á nemendaverkefnum

Mannauður – rannsóknir – drifkraftur

Náttúrulegar auðlindir eru að mestu fullnýttar innan sjávarútvegsins og mun mannauðurinn því vera drifkrafturinn í verðmætasköpun á næstu áratugum. Fiskeldi er vaxandi atvinnugrein en það er mikilvægt að þessum greinum sé tryggð góð nýliðum starfsfólks með góða menntun. Atvinnugreinar keppast um ungt fólk sem hefur lokið sinni menntun. Sjávarútvegur og fiskeldi eru hátæknivæddar atvinnugreinar sem greiða tiltölulega há laun og því áhugaverðir valkostir fyrir ungt fólk.

Sjávarútvegur er ekki bara að veiða fisk og flaka. Hann teygir anga sína um allt atvinnulífið. Má þar nefna veiðar og vinnslu, flutninga, markaðsmál, mann- auðsmál, ýmis konar hátækniðnað, bankastarfssemi, rannsóknir og fiskeldi sem er vaxandi atvinnugrein. Því er mikil þörf á vel menntuðu fólki. Sjávarútvegur og fiskeldi eru sannarlega spennandi greinar og fyrirtækin þurfa að fá vel menntað starfsfólk til að sinna fjölbættum störfum. Mikil nýsköpun á sér stað og íslensk fyrirtæki eru almennt talin framsækin.

Rannsóknir á lífríki hafsins og hafsbotninum eru mikilvægur þáttur í menntun og fræðslu. Því er nauðsynlegt að hafa góða mynd af því sem gerist í hafinu. Hvernig er ástand hafsins á hverjum tíma, bæði á lífverum og umhverfi þeirra.

Starfsnám skiptir máli

Mikilvægt er að kynna vel fyrir nemendum í efstu bekkjum grunnskóla og nemendum í framhaldsskóla námsframboð og hvaða leiðir eru fyrir þá í áframhaldandi námi, bæði í bók- og starfsnámi. Það hefur borið á því að starfsnám er minna metið en bóknám og akademískt nám. Úr því þarf að bæta og efla kynningu á starfsnámi sérstaklega. Mjög mikilvægt er líka að þeir nemendur sem velja sér iðnnám og hvers konar starfsnám sjái greiða leið inn í háskólanám ef þeir kjósa að fara þá leið.

Sjávarútvegur, fiskeldi og tengdar greinar bjóða upp á spennandi og fjölbreytileg atvinnutækifæri. Fólk sem starfar í greininni hefur ólíkan bakgrunn og menntun.

Menntanet SFS

Á viðburðinum „Ungur nemur og undirdjúpin“ verður kynning á Menntaneti SFS sem hefur verið í smíðum undanfarin misseri og er vefur þar sem safnað er saman ýmsu fræðsluefni um sjávarútveg og það gert aðgengilegt almenningi.

Sjávarlíf

Kynntur verður nýr vefur www.sjavarlif.is. Þar er að finna fræðsluefni sem Erlendur Bogason kafari hefur safnað saman um lífríki hafsins og sjávarbotninn. Markmiðið er að uppfæra hann jafnóðum og nýtt efni berst.

Sjávarútvegsskólinn

Þriðja kynningin fjallar um Sjávarútvegsskólann, sem hefur verið rekinn í samstarfi vinnuskóla byggðarlaga á Austurlandi og Norðurlandi, sjávarútvegsfyrirtækja á þeim svæðum og Háskólans á Akureyri. Þessi skóli er ætlaður 14 ára nemendum, og er kenndur eina til fjórar vikur í hverju byggðarlagi þar sem nemendur eru fræddir um ýmislegt sem viðkemur sjávarútvegi. Áhugavert væri að yfirfæra þennan skóla yfir á fræðslu um fiskeldi það er hvaða atvinnumöguleika það hefur upp á að bjóða.

Auk þess verða sýndar myndir af lífríki sjávar o.fl.

Á málstofunum „Kynning á nemendaverkefnum úr sjávarútvegstengdu námi“, kynna háskólanemendur meistaraverkefni sín. Um er að ræða tvær málstofur en þar kynna lokaverkefni sextán nemendur sem annað hvort hafa lokið námi eða eru langt komin með sín verkefni. Þau eru frá fimm háskólum/háskólasetri og kynna áhugaverðar niðurstöður um ýmislegt sem tengist sjávarútvegi og fiskeldi. Þessar kynningar gefa yfirlit yfir helstu sjávarútvegstengdar rannsóknir sem meistarnemar eru að vinna að eða hafa lokið.


Leiðandi
vettvangur í tíu ár



Alhliða fyrirtækjaráðgjöf

með alþjóðlegu teymi sérfræðinga.





Eins og sést dugar engin vasamyndavél ofan í hafinu. Það getur verið mikil kúnt að taka góðar myndir af sjávarlífverum, þó stundum eigi fyrirsæturnar það til að vera helst til nærgöngular og alveg lausar við feimni.

Lífið í sjónum gert sýnilegt



Ljósmyndir/Erlendur Bogason

Þessi mjallhvíti bertálkni kann aldeilis ekki að fela sig.



Rauðmagi gætir eggja sinna og fylgist með ljósmyndaranum.



Dýrin í hafinu eru af ólíkum stærðum og gerðum, allt frá agnarsmáum litlum karfa og vinalægum landsel yfir í ófrýnilegan steinbítinn með sinn fýlusvip.

Á vefnum Sjávarlíf.is má finna stórt safn fallegra ljósmynda af fiskum og furðuverum sem lifa í hafinu umhverfis Ísland.

Ásgeir Ingvarsson
ai@mbli.is

Sennilega ver Erlendur Bogason meiri tíma neðansjávar en nokkur annar Íslendingur. Hann starfar jú sem kafari og unir sér hvergi betur en ofan í köldum sjónum með súrefnistankinn á bakinu og froskalappirnar á fótunum. Þegar Erlendur kafar gætir hann þess líka að hafa myndavél við höndina og hefur hann verið iðinn við að festa lífríki hafsins á filmu.

Á Sjávarútvegsráðstefnunni í nóvember mun Erlendur kynna merkilegan nýjan myndavef, www.sjavarlif.is, þar sem hann hefur safnað saman bestu myndum sínum af þeim lífverum sem hafa orðið á vegi hans ofan í sjónum.

Erlendur segist hafa langað til að gera myndirnar aðgengilegar almenningi enda ekki að því hlaupið að finna góðar myndir af íslenskum sjávardýrum. „Ég hef geymt myndirnar á hörðum diskum uppi í hillu, þar sem þær verða engum að gagni, og vonandi munu þær með þessu móti nýtast nemendum og fræðimönnum,“ útskýrir Erlendur.

Safn sem heldur áfram að stækka

Nú þegar má finna fjölda mynda á vef Sjávarlífs og eru þær vandlega flokkaðar. Skiptast myndirnar í fjóra meginflokka: fiska, hryggleysingja, spendýr og þörungum, og hefur hver tegund sína síðu með knöppum upplýsingatexta og fjölda mynda. Þegar þetta er skrifað er vefurinn ekki fullkláraður og Erlendur enn að bæta við ljósmyndum og myndbandsupptökum. „Og það verður síðan eilífðarverkefni að stækka vefinn jafnt og þétt enda vantar fjölda sjávarlífvera í safnið og lífríki hafsins er að auki síbreytilegt svo að nýjar tegundir koma á meðan aðrar fara,“ segir hann og bætir við að öðrum ljósmyndurum sé frjálst að senda sínar myndir inn.

Erlendur sér fyrir sér að Sjávarlíf muni nýtast skólum landsins vel, enda má nota vefinn sem nokkurs konar yfirlitsrit til að fræða nemendur á öllum skólastigum um fiska og önnur sjávardýr. „Kennurum og nemendum bæði í grunn-, framhalds- og háskóla verður frjálst að nota myndirnar í glærugerð og ritgerðum en fyrirtæki og stofnanir sem vilja nýta myndefnið í útgáfu og auglýsingar munu þurfa að greiða hóflegt gjald, og þannig getur vefurinn vonandi staðið undir sér.“



Litríkur bertálkni með anga í allar áttir. Kannski hann finni einhverja fæðu.



Rauðleitur bertálkni virðist hér um bil stilla sér upp fyrir ljósmyndarann.



Agnarsmá loðna syndir um í mesta sakleysi, lífið rétt að byrja.




DYNICE OPTICAL DATA

*Gagnaflutningur
Á LJÓSHRAÐA
frá trollsónar upp í brú*



DYNICE[®]
OPTICAL DATA



HAMPIÐJAN

– Veðarfæri eru okkar fag

www.hampidjan.is

Sjávarútvegs- ráðstefnan 10 ára



Um Sjávarútvegsráðstefnuna

Hugmyndin

Hugmyndin að Sjávarútvegsráðstefnunni er að skapa samskiptavettvang allra þeirra sem koma að sjávarútvegi á Íslandi. Innan þessa hóps eru þeir sem starfa við veiðar, eldi, frumvinnslu, framhaldsvinnslu, sölu og markaðssetningu, þjónustu, eða rannsóknir og þróun. Einnig eru opinberir aðilar, kennarar og nemendur, fjölmiðlar og aðrir áhugamenn innan hópsins.

Stofnun og skipulag félagsins

Stofnfundur

Kveikjan að stofnun Sjávarútvegsráðstefnunnar var meðal annars sú að hagaðilar töldu missi af fundum stóru markaðsfyrirtækjanna. Eins þótti ekki heppilegt að nánast öll umræða um sjávarútvegs-mál væri hagsmunatengd. Á þessum tíma voru ýmsar ráðstefnur og fundir innan greinarinnar en þá yfirleitt að undirlagi einstakra félaga eða samtaka og um afmörkuð efni. Vöntun var á hlutlausum vettvangi þar sem hægt væri að eiga faglega umræðu um sjávarútvegs-mál og mynda tengsl.

Stofnfundur Sjávarútvegsráðstefnunnar var því haldinn 19. febrúar 2010 í Sjóminjasafninu í Reykjavík. Á fundinn mættu 45 manns. Breiður hópur kom að stofnun félagsins og teljast stofnaðilar vera 81, en þar af eru 15 félög.

Skipulag félagsins

Aðalfundur félagsins kús átta manna stjórn sem er jafnframt ráðstefnuráð, en stjórn félagsins skipuleggur og sér um framkvæmd Sjávarútvegsráðstefnunnar. Við val á stjórn félagsins er leitast við að hún endurspegli starfsemi greinarinnar sem best. Til að tryggja að sjónarmið sem flestra nái fram er gert ráð fyrir reglulegri endurnýjun og helmingi stjórnar því skipt út á hverju ári. Frá upphafi hafa um 35 manns setið í stjórn félagsins.

Markmið og hlutverk

Sjávarútvegsráðstefnan er fyrir alla

Markmið Sjávarútvegsráðstefnunnar er að ná þverskurði af íslenskum sjávarútvegi saman á einn stað til að vinna að framförum og sókn. Ráðstefnan er því vettvangur þar sem fólk hittist og styrkir sambönd og samstarf í greininni. Á ráðstefnunni er fjallað um viðfangsefni á sviði sjávarútvegs sem eru mikilvæg hverju sinni og ávallt er stefnt að því að ráðstefnan sé uppspretta hugmynda og hvatning til góðra verka.

Hlutverk

Sjávarútvegsráðstefnan er ekki hagsmunasamtök einstakra hópa og vinnur ekki að hagsmunagæslu. Hlutverk félagsins er að halda árlega ráðstefnu og er tilgangur hennar að stuðla að faglegri og fræðandi umfjöllun um sjávarútveg og vera vettvangur fyrir samskipti allra þeirra sem koma að sjávarútvegi á Íslandi.

Þátttakendur

Breiður hópur þátttakenda

Frá því að fyrsta Sjávarútvegsráðstefnan var haldin hefur þátttakendum fjölgað mikið. Á fyrstu tveimur ráðstefnunum var fjöldi skráðra þátttakenda rúmlega 300 en nær 800 manns á síðustu árum. Breiður hópur ólíkra aðila mætir á Sjávarútvegsráðstefnuna en flestir koma frá sjávarútvegsfyrirtækjum, þ.e.a.s. útgerðum og fiskvinnslum.

Byggjum á breiddinni

Um 350 fyrirlesarar hafa haldið erindi á Sjávarútvegsráðstefnunni hingað til. Rúmlega 80% hafa aðeins einu sinni haldið erindi og fram hefur komið hjá ráðstefnugestum að mikið væri um góða fyrirlesara. Fyrirlesarar á Sjávarútvegsráðstefnunni 2019 verða um 100 og flestir þeirra hafa ekki flutt fyrirlestur áður á ráðstefnunni. Hlutfall kvenna í röðum fyrirlesara hefur aukist á síðustu árum og jafnframt er ungt fólk að verða meira áberandi. Við reynum að skipa breiðan hóp fyrirlesara til að tryggja að sem fjölbreyttust sjónarmið komi fram.

Framtíðarviðskiptavinir

Þeir sem eru í námi, sérstaklega sjávarútvegstengdu námi, eru framtíðarviðskiptavinir Sjávarútvegsráðstefnunnar á næstu áratugum. Ár hvert hefur ákveðnum fjölda nema verið boðið á ráðstefnuna og í staðinn hafa sumir þeirra lagt til vinnuframlag. Eins hafa sérstakir viðburðir ætlaðir nemum verið haldnir. Á árunum 2015-2018 sóttu að meðaltali 50-60 nemar ráðstefnuna á ári.

Ráðstefnan

Fjölbreytt efnistöð

Á 10 ára ferli ráðstefnunnar hafa verið haldnar 110 málstofur og um 550 erindi flutt. Efnistöð hafa endurspeglad atvinnugreinina í heild sinni, en málstofur um markaðsmál hafa verið mest áberandi, enda erlendir markaðir forsenda öflugrar greinar á Íslandi.

Ráðstefnustaður

Fyrsta ráðstefnan var haldin 6.-7. september 2010 á Grand Hótel í Reykjavík. Vegna aukins fjölda ráðstefnugesta var hún flutt yfir á Hilton Reykjavík Nordica árið 2015. Aðsóknin jókst mikið árið 2015 og stóra stökkið var tekið 2016 þegar ráðstefnan var flutt í Hörpu þar sem hún hefur verið síðan.

Sjávarútvegsráðstefnan er 10 ára

Sjávarútvegsráðstefnan 2019 er tíunda ráðstefna vettvangsins og erum við stolt af því að ná þeim áfanga. Þessum tímamótum verður fagnað með umfangsmeiri ráðstefnu og betri kynningu en gert hefur verið fram að þessu. Við leggjum metnað okkar í að Sjávarútvegsráðstefnan í ár verði íslenskum sjávarútvegi til framdráttar á heimsvísu.

Upplýsingamiðlun

Öll erindi og ráðstefnuhefti Sjávarútvegsráðstefnunnar fyrir árin 2010-2018 ásamt kynningarblaði Sjávarútvegsráðstefnunnar og öðru efni er hægt að sækja á vef ráðstefnunnar á slóðinni sjavarutvegsradstefnan.is/fyrriradstefnur/.





TM

”

„Þetta er of einfalt til þess að fresta þessu.”


NÝIR TÍMAR Í TRYGGINGUM

Þú getur gengið frá tryggingunum á vefnum með rafrænum ráðgjafa okkar á fljótlegan og öruggan hátt. Engin símtöl, engin bið.

SJÁÐU ÞITT VERÐ Á [TM.IS](https://tm.is)

Styrktaraðilar

Sjávarútvegsráðstefnunnar

SJÁVARÚTVEGS
RÁÐSTEFNAN